



Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 136/424
komudagur 11.12.2008

Alþingi
Nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2008
Tilvísun: 200812-0011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.47/2006, um kjararáð, 210 mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/2006, um kjararáð, 210 mál.

Í yfirstandandi efnahagsþrengingum hafa mörg fyrirtæki gripið til þess ráðs að lækka launakostnað með því að segja upp starfsfólki, ná samkomulagi við starfsfólk um tímabundna lækkun launa eða tímabundna lækkun starfshlutfalls. Algengt er að þeir tekjuhæstu taki á sig hlutfallslega mestu kjaraskerðingarnar.

ASÍ telur mikilvægt við þessar aðstæður að standa vörð störfín sem kostur er. ASÍ hefur því ekki gert athugasemdir við tímabundna launalækkun eða tímabundna lækkun starfshlutfalls ef um er að ræða fyrirtæki í raunverulegum rekstarvanda og þess er gætt að virða kjarasamninga og réttindi starfsfólks. ASÍ leggst hins vegar alfarið gegn því að fyrirtæki sem ekki eru í raunverulegum rekstarvanda nýti sér ástandið og lækki laun starfsfólks.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir m.a: „Að mati ríkisstjórnarinnar er rétt og skylt við þær aðstæður sem nú eru uppi að hálaunahópar hjá ríkinu taki á sig launalækkun líkt og sambærilegir hópar hjá einkafyrirtækjum hafa verið að gera. Er frumvarpi þessu ætlað að ná þessu markmiði fram.“ Síðar í athugasemdunum segir: „Meginmarkmið frumvarpsins er að draga úr útgjöldum ríkissjóðs á árinu 2009 til þess að mæta stórfelldum tekjusamdrætti vegna efnahagskreppunnar. Að sama skapi er nauðsynlegt að þjóðkjörnir fulltrúar sýni samstöðu með öðrum launþegum sem hafa þurft og munu þurfa að taka á sig launalækkanir. Líkt og gerst hefur á einkamarkaði er með frumvarpinu gert ráð fyrir að þeir sem hæstu launin hafa taki á sig hlutfallslega mesta skerðingu.“

Í ljósi þess sem að framan er rakið þá mælir Alþýðusamband Íslands með því að frumvarpið verði samþykkt.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ